

Forsætisráðuneytið
Forsætis- og jafnréttismálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

30. mars 2021
Hallveigarstaðir, Reykjavík

Varðandi: Kvenréttindafélag Íslands fordæmir ákvörðun Tyrklands að segja sig frá Istanbúlsamningnum

Frú forsætisráðherra,

Við í stjórn Kvenréttindafélags Íslands skrifum þetta bréf sem eitt af aðildarfélögum Hagsmunasamtaka evrópskra kvenna (European Women's Lobby – EWL), sem eru stærstu regnhlífasamtök femínísku hreyfingarinnar í Evrópu, en aðild að EWL á einnig félagið Avrupa Kadın Lobisi Turkiye Koordinasyonu (AKL-TK), í Tyrklandi.

Kvenréttindafélag Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum og fordæmir forsetatilskipun Recep Tayyips Erdogans Tyrklandsforseta sem var gefin var út 20. mars sl. Með tilskipuninni var samningi Evrópuráðsins, Istanbúlsamningnum, um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi, rift. Þessi ákvörðun er tekin tíu árum eftir að Tyrkland, þá einnig undir forystu ríkisstjórnar Erdogan forsætisráðherra, var fyrsta þjóðríkið til að skrifa undir samninginn, en þau skilaboð til heimsins sýndu pólitíska skuldbindingu og áform um að útrýma ofbeldi gegn konum og stúlkum.

Istanbúlsamningurinn, þessi alþjóðlegi sáttmáli sem kveður á um að ofbeldi gegn konum og stúlkum sé óásættanlegt, rennir traustari stoðum undir mannréttindi okkar allra. Sáttmálinn er alþjóðlegt viðmið fyrir lagasetningu og stefnumótun, ekki aðeins í Evrópu heldur einnig annarsstaðar á alþjóðavettvangi.

Samningurinn, sem er lagalega bindandi, er fyrsta alþjóðalega verkfærið sem bæði hefur forvarnargildi og vinnur beint gegn ofbeldi þar sem yfirgripsmikið regluverk og stefnumarkmið fyrirbyggja ofbeldi, styðja brotaþola og mynda refsiramma fyrir gerendur. 45 þjóðríki og Evrópusambandið hafa skrifað undir samninginn og hafa 34 ríki fullgilt hann, þar á meðal Ísland.

Við gerum okkur grein fyrir að ríkisstjórnir sumra landa vilja túlka samninginn á eigin forsendum. Það er hinsvegar óviðunandi að ríkisstjórn Tyrklands hafi vísað til stefnu Póllands og annarra landa sem eru hikandi við framkvæmd Istanbúlsamningsins, til þess að færa rök fyrir þeirri ákvörðun að segja sig frá samningnum. Það er mikilvægt að öll ríki Evrópu, þar á meðal Ísland, fordæmi

aðgerðir sem brjóta gegn mannréttindum í Tyrklandi, ríki sem sótt hefur um aðild að Evrópusambandinu.

Við hvetjum íslensk stjórnvöld til að uppfylla skuldbindingar okkar sem aðildarríki Evrópuráðsins og sem ríki sem fullgilt hefur Istanbúlsamninginn, og sýna pólitíska forystu og stuðning við kvenréttindi með því að:


- Hvetja tyrknesk stjórnvöld til að draga til baka ákvörðun sína um að segja sig frá Istanbúlsamningnum.
- Hvetja öll aðildarríki Evrópuráðsins og ríki sem undirritað hafa Istanbúlsamninginn að beita öllum lagalegum og pólitískum ráðum til að koma í veg fyrir að Tyrkland geti sagt sig frá Istanbúlsamningnum.
- Hvetja öll aðildarríki Evrópuráðsins til að fullgilda Istanbúlsamninginn tafarlaust og skilyrðislaust.

Við hvetjum ykkur til að mæta þessum kröfum til að tryggja að mikilvæg skref séu tekin, ekki aðeins til að bregðast við bakslaginu í kvenréttindum á alþjóðavettvangi heldur einnig til að tryggja áframhaldandi framþróun í jafnréttismálum, á tímum þegar konur hafa verið sérstaklega útsettar vegna alheimsfaraldurs COVID-19.

Kvenréttindafélag Íslands og European Women's Lobby munu áfram fylgjast vel með viðbrögðum allra stjórnvalda á þessari ógnvekjandi þróun til höfuðs mannréttindum kvenna.

Allar konur og stúlkur eiga það skilið að lifa lífi sínu frjálssar frá ofbeldi; það er nauðsynlegt að grípa til aðgerða strax!

Með vinsemd og virðingu,



Tatjana Latinovic
formaður Kvenréttindafélags Íslands

Samhljóðandi bréf hefur verið sent Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra

Afrit:

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, skrifstofustjóri jafnréttismála í forsætisráðuneytinu